



Borgarráð

Tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur - Covid-19

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sem samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 3. júní sl. um styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi vegna fjölgunar tilkynninga í kjölfar Covid-19, verði samþykkt. Áætlaður kostnaður er 30 m.kr. á árinu 2020 og 116 m.kr. á árinu 2021.

Fjárheimildin verði endurskoðuð á árinu 2021 samfara fjárhagsáætlun ársins 2022. Í því sambandi verði hugað að samstarfi Barnaverndar við þjónustumiðstöðvar í hverfum Reykjavíkurborgar, verkaskiptingu þar á milli og hvaða þjónustu er hægt að veita úti í hverfum. Í þeirri vinnu verði einnig höfð hliðsjón af niðurstöðum úttektarskýrslna sem liggja fyrir um Barnavernd Reykjavíkur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf til borgarráðs dags. 29.06.2020 - Tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur.

Bréf til velferðarráðs - Tillaga um styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs þann 3. júní 2020 var samþykkt svohljóðandi tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur:

Velferðarráð samþykkir að óska eftir fjárheimild við borgarráð að fjárhæð 30 m.kr. frá og með 1. september 2020 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi vegna fjölgunar tilkynninga í kjölfar Covid-19. Þau sjö stöðugildi sem horft er til skiptast í fjögur stöðugildi ráðgjafa, sem munu sérhæfa sig í málefnum barna af erlendum uppruna og málefnum tengdum heimilisofbeldi, eitt stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa og tvö stöðugildi í eftirlit. Auk þess er óskað eftir þremur stöðugildum til viðbótar á árinu 2021. Árskostnaður fyrir 10 stöðugildi er metinn 116 m.kr. Hækkun fjárframlags á árinu 2021 er til að mæta undirmönnun og langvarandi álagi í starfseminni.

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Á síðasta fundi velferðarráðs var velferðarsviði falið að móta tillögu að styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur til að mæta þeirri 10 - 15% aukningu á tilkynningum sem fyrirsjáanleg er vegna ástandsins í samfélaginu. Það er sameiginlegt verkefni okkar að vernda börn og tryggja þeim öruggt umhverfi í hvívetna. Með tillögunni er bætt við samtals 10 stöðugildum í barnavernd og starfseminni breytt með þeim hætti að sett eru á fót ný teymi. Kostnaður við tillöguna er 110 milljónir á ársgrundvelli og kemur til viðbótar þeim rúmlega 700

miljónum sem settar hafa verið í að efla Barnavernd Reykjavíkur á síðustu tveimur árum.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins gerir sé grein fyrir að barnaverndin þarf að hafa tryggan fjárhagslegan grunn og samþykkir því tillögu um styrkingu til barnaverndar. Varðandi barnaverndarmál þá liggur það þokkalega ljóst fyrir hvað málaflokkurinn þarf af fjármagni sem tryggja ætti þá í fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Málum fer ekki fækkandi, þeim fer fjölgandi og allar líkur eru á að þeim fjölgi áfram í framhaldi af Covid og þeim áhrifum og afleiðingum sem veirufaraldurinn hefur og mun hafa til langs tíma. Allt þetta bitnar á börnunum. Knýjandi er einnig að taka á biðlistameini í þjónustu borgarinnar. Biðlistar eru nánast í alla þjónustu fyrir börn. Það kostar að veita góða þjónustu. Börn eiga ávallt að fá góða þjónustu og þau eiga ekki að þurfa að bíða eftir henni.

Tillagan er hér með send til samþykktar.

Virðingarfyllt



Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Styrking á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur

Velferðarráð samþykkir að óska eftir fjárheimild við borgarráð að fjárhæð 30 m.kr. frá og með 1. september 2020 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi vegna fjölgunar tilkynninga í kjölfar Covid 19. Þau sjö stöðugildi sem horft er til skiptast í fjögur stöðugildi ráðgjafa, sem munu sérhæfa sig í málefnum barna af erlendum uppruna og málefnum tengdum heimilisofbeldi, eitt stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa og tvö stöðugildi í eftirlit. Auk þess er óskað eftir þremur stöðugildum til viðbótar á árinu 2021. Árskostnaður fyrir 10 stöðugildi er metinn 116 m.kr. Hækkun fjárframlags á árinu 2021 er til að mæta undirmönnun og langvarandi álagi í starfseminni.

Greinargerð:

Auknum fjölda stöðugilda er ætlað að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga sem nú þegar hefur raungerst hjá barnavernd. Fyrirsjáanlegt er að enn meiri aukning verði þegar líða tekur á árið og afleiðingar efnahagserfiðleikanna leggjast af fullum þunga á heimili og fjölskyldur í landinu. Um er að ræða fjögur stöðugildi ráðgjafa, tvö stöðugildi í eftirlit og stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa. Þá hefur Barnavernd Reykjavíkur einnig glímt við uppsafnaðan og langvarandi vanda vegna manneklu.

Fjölgun tilkynninga

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hefur tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fjölgað um 9% miðað við sama tímabil árið 2019. Á sama tíma fjölgaði tilkynningum vegna barna í yfirvofandi hættu um 28%. Er hér um að ræða allra alvarlegustu og erfiðustu mál barnaverndar, sem oft kalla á fyrirvarlaust viðbragð margra aðila þar sem jafnvel kemur til vistunar barns utan heimilis strax í kjölfarið.

Barnavernd Reykjavíkur áætlar að sú aukning sem sést hefur á fyrstu mánuðum ársins 2020 komi til með að haldast og verða enn meiri þegar líða tekur á árið og í byrjun næsta árs. Sé horft til efnahagshrunsins 2008 og 2009, þá fjölgaði tilkynningum á þeim tíma um 13,5%. Miðað við opinberar spár um þá efnahagserfiðleika sem framundan eru

með tilheyrandi atvinnuleysi, er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að búast megi við svipaðri aukningu í fjölda tilkynninga í þeirri efnahagslægd sem nú er yfirvofandi og átti sér stað í kjölfar hrunsins árið 2008. Veldur það einnig miklum áhyggjum að strax í byrjun árs hafi tilkynningum þegar fjölgað um 7% (fyrstu þrjá mánuðina) og sú tala hækkaði enn frekar þegar horft er á fyrstu fjóra mánuðina eða upp í 9%.

Málavog til að mæla álag

Barnavernd Reykjavíkur hefur stuðst við Málavog Barnaverndarstofu til að mæla álag í málavinnslu hjá starfsmönnum barnaverndar með markvissum mælingum síðast liðin ár. Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu styðjast við Málavogina til þess að fylgjast með þróun álags í starfi sem og æskilegan málafjölda og meirihluti barnaverndarnefnda sveitarfélaga landsins notast einnig við mælitækið. Ráðgjafar hjá Barnavernd Reykjavíkur mælast ítrekað með stigafjölda sem er langt umfram æskilegar viðmiðunartölur sem gefa til kynna mikið álag í starfi.

Í lok árs 2019 benti niðurstaða úr Málavog Barnaverndarstofu til þess að álag á starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur væri 57% umfram viðmið. Miðað við þá stöðu vantaði um 15 stöðugildi ráðgjafa til að anna verkefnum barnaverndar. Þegar bornar voru saman tölur um fjölda ráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur við fjölda ráðgjafa hjá barnaverndarnefndum annarra sveitarfélaga, sýndu tölur að um 7-13 stöðugildi vantaði hjá Barnavernd Reykjavíkur til að vera á pari við stærstu sveitarfélögin á landinu. Þess ber að geta að fjölmörg úrræði og stuðningsþjónusta er starfrækt á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem barnaverndin hefur aðgengi að og má þar m.a. nefna Keðjuna – samstarfsnet fyrir börn og fjölskyldur sem og SKAHM-skammtímadvöl fyrir ungmenni með fjölþættan vanda. Velferðarsvið starfrækir enn fremur tvö vistheimili að Mánabergi og Hraunbergi og er með þjónustusamninga við fjölskylduheimilin að Ásvallagötu og Hamarskoti. Öflug stuðningsþjónusta er mikilvægur þáttur í þjónustu Barnaverndar Reykjavíkur en bætir ekki upp þann mikla mun sem mælist í álagsmælingum hjá Reykjavíkurborg til samanburðar við starfsmenn barnaverndarnefnda annarra sveitarfélaga og ekki síst höfuðborgarsvæðisins.

Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fjölgaði um 6% milli árána 2018 og 2019. Á sama tíma varð 31% aukning í fjölda tilkynninga þar sem barn var metið í yfirvofandi hættu. Þessari stöðu var að hluta til mætt með fjölgun ráðgjafa í málavinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur með aukafjárframlagi sem samsvaraði stöðugildum 2 ráðgjafa. Miðað við mælingu úr málavog í febrúar 2020 þá var álag 47% umfram viðmið, sem samsvarar um 12 stöðugildum ráðgjafa sem vantar í málavinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Biðtími eftir þjónustu

Það sem af er þessu ári er meðalfjöldi barna á bið eftir þjónustu 128 og meðalbiðtími eftir að vinnsla hefjist er tæpar fimm vikur. Barnavernd Reykjavíkur er í þessu tilliti ekki í stakk búin að mæta þeirri fjölgun tilkynninga sem nú þegar er hafin og væntanleg er á árinu.

Þá hefur það ástand sem skapaðist vegna Covid-19 haft alvarleg áhrif á skjólstæðinga barnaverndar, bæði foreldra en einnig börn og unglunga. Þannig var starfsemi á meðferðarheimilum ríkisins takmörkuð á þessu tímabili sem leiddi til aukins vanda þeirra unglunga sem þangað þurfa að leita. Stuðningur sem veittur er foreldrum var af skornum skammti, s.s. meðferðarúrræði eins og Vogur og Teigur og aðstoð sálfræðinga

og geðlækna, svo fátt eitt sé nefnt. Alþekkt er umræða um aukinn fjölda tilkynninga í heimilisofbeldismálum og þau áhrif sem breyttar aðstæður í þjóðfélaginu höfðu á þann hóp sem veikastur var fyrir og í mikilli þörf fyrir stöðugleika, utanumhald og þjónustu. Óreglulegt leik- og grunnskólastarf, aukin samvera og í sumum tilvikum innlokun til margra vikna, atvinnumissir, aukin áfengisneysla og fjárhagsáhyggjur eru allt til þess fallnar að auka álag og skapa aðstæður sem auka verulega líkur á vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnum. Öll börn þurfa á stöðugleika og skipulagi að halda og það mikla rót sem hefur átt sér stað í lífi barna síðastliðnar vikur og fjölskyldna þeirra eykur enn á álag og hefur það ekki síst alvarleg áhrif á stöðu barna sem þurfa á mikilli umönnun að halda. Starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur finna það vel í störfum sínum síðustu vikur hversu erfiður þessi tími hefur verið fyrir foreldra og börn sem eru í þjónustu hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Tillaga sú sem lögð er fyrir velferðarráð gerir ráð fyrir að mæta þessum vanda með því að fjölga stöðugildum um sjö frá og með 1. september. Þá gera áætlanir Barnaverndar ráð fyrir að þörf sé á þremur stöðugildum til viðbótar frá og með 1. janúar 2021. Þau sjö stöðugildi sem horft er til frá 1. september skiptast í fjögur stöðugildi ráðgjafa, eitt stöðugildi gæða- og fræðslufulltrúa og tvö stöðugildi í eftirlit.

Sérhæfing teyma –börn af erlendum uppruna

Vísað er til umfjöllunar að framan um þörf á fjölgun í stöðugildum ráðgjafa í málavinnslu. Áætlanir Barnaverndar Reykjavíkur gera ráð fyrir að stærstur hluti þessara ráðgjafa muni alfarið sinna málefnum barna af erlendum uppruna og málefnum tengdum heimilisofbeldi. Þegar vísað er til barna af erlendum uppruna er horft til þeirra barna og fjölskyldna þar sem menningarmunur og tungumálaörðugleikar eru þess valdandi að ákall er um sérhæfingu og málavinnslan öll er flóknari. Má þar nefna vinnslu barnaverndarmála þegar um flóttafólk er að ræða sem og málum barna sem eru án forsjáraðila hér á landi. Þannig gera áætlanir barnaverndar ráð fyrir að stofnað verði nýtt teymi hjá Barnavernd Reykjavíkur sem sinni könnun og meðferð mála af þessum toga. Í teyminu verði sérþekking og tengsl við aðrar stofnanir sem vinna með málaflokkinn, nærumhverfi og samfélög fólks af erlendum uppruna hér á landi. Um leið skapast þá svigrúm hjá öðrum ráðgjöfum barnaverndar að sinna þeirri aukningu í fjölda tilkynninga og þyngd í málum sem nú þegar hefur átt sér stað og er yfirvofandi hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Í úttekt á skipulagi starfs Barnaverndar Reykjavíkur frá 2018 var vikið að því að þörf væri á sérhæfingu, t.a.m. í málefnum barna af erlendum uppruna. Þá gerir framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt var í velferðarráði í byrjun árs 2020 ráð fyrir því að þessum hópi verði sinnt sérstaklega.

Sérhæfing teyma –heimilisofbeldi

Tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur vegna heimilisofbeldis hafa aldrei verið fleiri í einum mánuði en í apríl 2020 og fjöldi tilkynninga á fyrsta þriðjungi ársins 2020 er jafnframt sá mesti frá upphafi. Frá árinu 2019 hefur orðið rúmlega 19% aukning í fjölda tilkynninga sem varða heimilisofbeldi þar sem börn eru á heimilum. Afar mikilvægt er að skapa sérhæfingu starfsmanna í heimilisofbeldismálum og vert að nýta tækifærið við mótun nýs teymis.

Aukning í málum sem varða heimilisofbeldi er sérstakt áhyggjuefni en viðbúið er að heimilisofbeldi aukist í aðstæðum sem skapast hafa í því ástandi sem nú er til staðar. Í

mörgum tilvikum er um gróft líkamlegt ofbeldi að ræða sem börn ýmist verða vitni að (andlegt ofbeldi) og er ekki síður skaðlegt, eða líkamlegt ofbeldi sem börn eru beitt af hendi fullorðinna og þá oftast helstu umönnunaraðilum. Börn hafa litla stjórn á umhverfi sínu og velja sér ekki heimili eða dvalarstað. Því ber að hafa í huga að hvort sem grunur vaknar um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu eða annars konar vanrækslu er mikilvægt að hafa í heiðri að barnið skuli ávallt njóta vafans og fá umsvifalaust aðstoð. Þau sálrænu áhrif sem börn verða fyrir sem búa við og upplifa heimilisofbeldi eru gríðarlega alvarleg og þessum börnum ber að mæta og hlúa að.

Gæða- og fræðslufultrúi og eftirlitsaðilar hjá Barnavernd Reykjavíkur

Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að ekki verði lengur beðið með að ráða í starf gæða- og fræðslufultrúa en í úttekt sem unnin var á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur á árinu 2018 var lögð áhersla á þörfina á að bæta verklag, ferla og gæðamál hjá Barnavernd Reykjavíkur og til þess þyrfti gæða- og fræðslufultrúa. Það var þó mat framkvæmdastjórnar á árinu 2019 að þörf fyrir fjölgun ráðgjafa væri meiri og hefur því staða gæða- og fræðslufultrúa ekki verið mönnuð. Brýn þörf er á að skilgreina verkferla, uppfæra handbók barnaverndar og tryggja gæði í allri málavinnslu og starfsemi barnaverndar. Aðgengilegar upplýsingar og leiðbeiningar þurfa að vera til staðar við móttöku nýrra starfsmanna sem og að tryggja að vinnulag samræmist ákvæðum barnaverndarlaga og nýlega uppfærðum leiðbeiningum og handbókum Barnaverndarstofu.

Tillaga um að fjölga starfsmönnum í eftirliti um tvo snýr að því að nauðsynlegt er að hafa á hverjum tíma tvo eftirlitsaðila í húsi, alla daga vikunnar. Eins og staðan er í dag er heimild fyrir 1,85 stöðugildi en starfinu er sinnt í 3,35 stöðugildum. Verkefni eftirlitsaðila eru til að mynda að sinna óboðuðu eftirliti, fara með ráðgjöfum í öll bráðaútköll, auk þess að sinna eftirliti í umgengni þegar skjólstæðingar eða kynforeldrar eiga umgengni við börn sín og umgengni getur af einhverjum ástæðum ekki farið fram án eftirlits. Miðað við þann fjölda stöðugilda sem nú er gert ráð fyrir í eftirlitinu, nær það engan veginn að sinna þessum verkefnum, en verkefnin eru unnin að langmestu leiti seinni part dags, á kvöldin og svo í umgengni um helgar. Þá eru mörg verkefna þess eðlis að starfsmaður getur ekki sinnt þeim einn heldur þurfa að vera tveir og tveir saman af öryggisástæðum. Með auknum fjölda tilkynninga eykst álagið að sama skapi í störfum eftirlits og fleiri heimili sem þarf að sinna. Starfsmenn eftirlits barnaverndar hafa gjarnan verið með reynslu eða menntun af lögreglu- eða öryggisstörfum. Þá vinna starfsmenn eftirlitsins þétt með ráðgjöfum til að mynda í heimsóknum, við töku vímuefnaprófa og fleira slíkt og létta þannig ákveðnu álagi af ráðgjöfum.

Fjárheimildir 2020 og 2021

Fjárheimild vegna sjö stöðugilda í fjóra mánuði á árinu 2020 er metin um 30 m.kr. Fjárheimild ársins 2021 er metin 116 m.kr. vegna tíu stöðugilda.

	2020 <i>(4 mán)</i>	2021 <i>(12 mán)</i>
Launakostnaður	26.500	111.000
Annar rekstrarkostnaður	3.500	5.000
Samtals:	30.000	116.000